

## **Sp. 90. Tillaga til þingsályktunar**

um eignarnám á lóðum vegna Menntaskólans í Reykjavík.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa löggjöf um eignarnám á lóðum og húsum á landspildu þeirri, sem er austanvert við Menntaskólann í Reykjavík, milli Amtmannsstígs, Bókblöðustígs og Þingholtsstrætis. Skal land þetta og húseignir síðan lagt til afnota fyrir nemendur og kennara menntaskólans.

### **Greinargerð.**

Þegar löggjöf sú um skólamál, sem síðasta Alþingi samþykkti, er komin til framkvæmda, verður Menntaskólinn í Reykjavík a. m. k. að taka á móti 1000 nemendum. Er því sýnilegt, að þar muni þurfa að auka stórmikið við húsakynni. Í til efni af því hefur fyrrverandi kennslumálaráðherra lagt til, að keypt yrði vegna skólans allmiðið land milli Laugarness og Kleppsspítala, og mun hafa verið áformað að að reisa þar hús fyrir ca. 12 milljónir króna. Mundi það hafa verið álitleg byrjun, einkum með því að nota líka gamla skólahúsið fyrst um sinn. En þegar til kom, verður Reykjavík að taka þessar lóðir við Viðeyjarsund til þarfa útgerðarmanna í bænum, sem hafa í þeim efnum hvergi höfði sínu að að halla. Er þá sýnilegt, að ekki muni verða úr flutningi skólans, enda voru gamlir nemendur, og þeir eru margir áhrifamenn, mjög mótfallnir umræddri breytingu, sem auk þess hefði orðið mjög kostnaðarsöm fyrir nemendur og aðstandendur þeirra í bænum. Er þess vegna lagt til, að hér verði tekið á málinu með nokkurri forsjá; gamli skólinn notaður um ófyrirsjáanlega langan tíma, en bætt við nýjum byggingum ofanvert við skólahúsið, kennslustofum, rannsóknarstofum, vinnustofum, íþróttasölum, bókasöfnum og nauðsynlegum íbúðum fyrir kennara og starfslið skólans.